

# Embætti héraðsdómara laust til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómara með fast sæti við héraðsdóm Reykjavíkur. Miðað er við að skipað verði í embættið frá og með 24. janúar 2018 eða hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjenda um dómaraembætti hefur lokið störfum. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 29. gr. laga nr. 50/2016.

Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um:

- menntun og framhaldsmenntun,
- reynslu af dómstörfum,
- reynslu af lögmansstörfum,
- reynslu af stjórnáslustörfum,
- reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefna ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestira o.s.frv.,
- reynslu af stjórnun,
- reynslu af öðrum aukastörfum sem nýttast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl.,
- upplýsingar um almenna og sérstaka starfs-hæfni,
- upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og
- upplýsingar um tvo fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010 og
- aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á:

- afrit af prófskírteinum,
- afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði,
- afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði,
- afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og
- útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar.
- Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 11. desember nk. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu með rafrænum hætti á netfangið [starf@dmr.is](mailto:starf@dmr.is).

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.



DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 · 101 Reykjavík · s. 545 9000